

Bekkur: 7.bekkur

Námsgrein: Hönnun og smíði

Kennarar: Hannes Valgeirsson

Tímafjöldi: 2 kennslustundir á viku

Námsgögn: Leiðbeiningar frá kennara, námsefni á rafrænu formi og verkleg kennsla.

Lykilhæfni:

Námsgreinin kemur inn á alla þætti lykilhæfni sem unnið er út frá samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla:

- *Tjáning og miðlun*
- *Skapandi og gagnrýnin hugsun*
- *Sjálfstæði og samvinnu*
- *Nýting miðla og upplýsinga*
- *Ábyrgð og mat á eigin námi.*

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun.*

Önnur hæfniviðmið sem lúta að almennri framkomu og vinnulagi í tímum og metin yfir allt árið:

- *Tekur ábyrgð á eigin námi.*
- *Virðir vinnufrið annarra.*
- *Vinnur með öðrum og sýnir jákvæðni í samskiptum.*
- *Leitar upplýsinga, les sér til gagns og vinnur sjálfstætt.*
- *Vinnur vel og fer eftir fyrirmælum.*
- *Sýnir vönduð vinnubrögð við verkefnaskil.*
- *Fer eftir þeim fyrirmælum sem lagt er upp með og skilar verkefnum á réttum tíma.*

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár

Símat er á hönnun og vinnu nemenda yfir önnina. Verkfærakönnun er hluti af vinnubókareinkunn. Metið er í litum; rauðum, gulum, grænum og bláum í símati og lokaeinkunn er gefin í A, B+, B, C+, C, og D og skráð í Mentor.

Ástundun = Vinna í tíma, mæting og frágangur 25%

- Þessir þættir eru metnir með símati og teknir inn í námsmat verkefna.

Vinna = Smíðaverkefni, verklýsingar og vinnubók /skissubók 75%

Skissubók 20% , smíðaverkefni og frjáls verkefni 55%.

Vikan	Viðfangsefni	Námsefni	Dagsetning mats	Annað
24.08-25.08	Verkfæri/teikning	Teikna/ kynning		Kynning á efni vetrarins.
28.08-01.09	Tálgun /Teikning	Finna efnivið-tálga svepp		
04.09-08.09	Tálgun / Teikning	Hanna/ Tálga/ Rissa		
11.09-15.09	Tálgun /Smíði	Tálga áhald/ setja saman borð		
18.09-22.09	Smíði/ Tálgun	Smíða og tálga hönnun skurðarbretti		
25.0-29.09				28. sept er starfsdagur
02.10-06.10	Smíði/ Tálgun	Smíða og bera á skurðarbretti	Mat tálgun	
09.10-13.10	Glervinna	Mósaik/Flísabrot á ikeadiska,fúga		
16.10-20.10	Glervinna/fúga	Fúga mósaikdiska		
23.10-27.10		Mat		25...-27. starfsdagur og vetrarfrí.
30.10-03.11	Teikna og saga, út Hlut/figúrur	Teikna og saga út hlut eða figúrur	Mat skurðarbretti	
06.11-10.11	Sögun /málun	Saga og mála figúrur		6. nóv foreldraviðtöl
13.11-17.11	Smíði/ Bera á	Smíða símastand, slípa og bera á		Dagur íslenskrar tungu 16. nóv.
20.11-24.11	Frjálst verkefni	Skissa/hanna/smíða		
27.11-01.12	Frjálst verkefni	Skissa/hanna/smíða		1.12 skreytingadagur.
04.12-08.12	Jólaverkefni	Skila ferilbókum og jólaundirbúningur	Mat á símastand	
11.12-15.12	Verkefnavinna	Verkfærakönnun/jóla	Könnun / matVerk	
18.12-20.12	Verkefnavinna	Klára verkefni		
21.12-03.01				Jólafrí
04.01-05.01				Ath. 2 dagar
06.01-12.01				
15.01-19.01				
22.01-26.01				
29.01-02.02				

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.

Verkefni og skipulag kennslu:

(Í upphafi skólaárs er farið yfir öryggis- og umgengnisegluglur í smíðastofunni. Helstu verkfæri kynnt og hvað smíðastofan hefur upp á að bjóða).

Skylduverkefni eru fjögur, fyrsta lagi er það tálgun, svo skurðarbretti, saga út fígúrir og gera símastand. Í verkefninu eru ýmskonar útfærslur í boði. Unnið er eftir teikningu og eigin hönnun ef það á við. Þá er nemendum kennd samsetning og útfærsla útskurðar og fræsun.

Hér er hlekkur í tálgun: <http://www.skogur.is/media/verkefnabanki-lis/Smjorhnifur.pdf>

Setja saman borð og mosaík verkefni eru hópverkefni. Nemendur læra að nota hallamál og handborvél. Unnin verður verkfærakönnun í lok skólaárs, úr þeim verkfærum sem notuð hafa verið.

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Handverk	<p>Nemandi getur</p> <ul style="list-style-type: none"> • valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra, • sagt frá mikilvægi verkþekkingar <p>í nútíma samfélagi.</p>	<p>Í hönnun og smíði er áhersla lögð á að nemandinn verði sjálfstæður í verki og öðlist færni í að smíða hluti með fjölbreyttum efnum, verkfærum og tækni.</p>	<p>Námsmat er símat og felur í sér könnun á verkviti, þekkingu á efnum og færni í notkun verkfæra. Verkfærakönnun er lögð fyrir í lok annar.</p> <p>Lögð er áhersla á að nemandur geri sér grein fyrir hvenær frágangur telst vandaður og mikilvægi góðrar umgengni á smíðastofunni.</p>
Hönnun og tækni	<p>Nemandi getur</p> <ul style="list-style-type: none"> • útskýrt hugmyndir sínar fríhendis- og með málsettri vinnuteikningu, • unnið sjálfstætt eftir verkáætlun og vinnuteikningu, 	<p>Nemandi öðlast þekkingu og færni sem hann getur yfirfært á starfsvettvang, tómstundir eða heimilishald með verklegri vinnu, hönnun og teikningu.</p>	<p>Metnir eru verkþættir sem lúta að hönnun og skilningur nemenda á skipulagningu vinnu,</p>

	<p>útbúið efnislista og reiknað kostnað,</p> <ul style="list-style-type: none"> • framkvæmt flóknari samsetningar, <p>s.s. samlímingu,</p> <p>töppun og skrófun,</p> <ul style="list-style-type: none"> • hannað verkefni út frá efni, fagurfræði, tækni, umhverfi, notkun og endingu. 	<p>Lögð</p> <p>er áhersla á að nemandinn sé virkur í hönnunarferli og móti útlit og uppbyggingu hluta</p> <p>miðað við notkun þeirra.</p>	<p>hönnunarferli og gerð áætlana. Einnig er lögð áhersla á að meta</p> <p>tæknilegt innsæi nemenda og skilning.</p> <p>Farið er yfir vinnubók nemenda og vinnuteikningar.</p>
Umhverfi	<p>Nemandi getur</p> <ul style="list-style-type: none"> • Gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni. Auk þess að hafa sjálfbærni að leiðarljósi við vinnu og efnisval. • Gert sér grein fyrir hvort og hvernig hægt er að endurnýja ýmsa hluti og gert við og endurnýjað eldri hluti og lengt þannig líftíma þeirra. • Útskýrt réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað. 	<p>Áhersla er lögð á nýsköpun og hagnýtingu</p> <p>þekkingar. Nemandinn hefur þannig áhrif á umhverfi sitt og er um leið hvattur til að sýna</p> <p>umhverfinu nærgætni og virðingu.</p> <p>Í hönnun og smíði fléttast saman sköpun, læsi og sjálfbærni á áþreifanlegan hátt. Kennarar nota</p> <p>efni úr nærumhverfi og nýta íslenska skóginn þar sem þess er kostur.</p>	<p>Metinn er skilningur nemenda á tengslum umhverfisins við verkleg störf og kemur það m.a. fram</p> <p>í efnisvali. Lögð er áhersla á að nemendur kunni rétta notkun hlífðarbúnaðar og þekki</p> <p>hugtakið vinnuvernd.</p>